

Kosninga undirbúningur
Reykjavík 25. apríl 1982

Ágætu félagar:

Vinna, vinna og aftur vinna. Kosningabaráttan er ekkert annað en vinna og því máttu geta nærri að hvers konar vinnuframlag er vel þegið frá stuðningsmönnum Kvennaframboðsins, hversu lítið sem það er. Ef þú hefur smá tíma er honum hvergi betur varið en í Hótel Vík þar sem hamast er við kosningaundirbúning alla daga. Láttu vita hvenær þú hefur tíma og hvað þú vilt gera, við útvegum verkefnin, af nógu er að taka.

Allir þeir sem fengið hafa happdrættismiða, blöð, merki, kort og fána eru beðnir að gera upp sem allra fyrst, þeir sem ekki hafa fengið neitt geta brugðið sér bæjarleið og nálgast allt okkar góss í hótelinu, stuðningsmennirnir bíða þyrstir eftir hvers konar lífsmarki frá Kvennaframboðinu. Það er bara að drífa sig af stað, banka upp á, eða bjóða vinnufélögum eins og eitt merki, þetta safnast þegar saman kemur.

Blaðið okkar sem kom út í mars hefur hlotið mjög góðar viðtökur, en við eigum enn eftir all nokkuð af því sem við þurfum að koma út til fólks. Það er mjög mikilvægt að sem flestir fái að sjá það, því í blaðinu er að finna stefnuskrána og listann, sem er jú það sem skiptir mestu máli. Allir þeir sem geta komið í blaðasölu milli kl. 7 og 9 á kvöldin, láti vita í síma 21500.

Hér koma svo dagsetningar sem allir ættu að leggja á minnið:

1. maí: Fyrsti hverfafundur Kvennaframboðsins verður á Hallærisplaninu, með ávarpi, söng og fl. Það vantar fólk kl.15.00 til að selja blöð og fl. utan við húsið og kaffi inni í hótelinu. Fyrir fundinn þarf að mála spjöld og borða, hengja upp plaköt og auglýsingar út um borg og bý. Það verður unnið öll kvöld í þessari viku. Mætið nú endilega.

29. apríl: Fundur um húsnæðismál. Félagsfræðingarnir Ingi Valur kl. 20.30 og Jón Rúnar svara spurningum og greina frá sínum rannsóknum á þessari herskyldu Íslendinga.

4. maí: Fundur um skipulagsmál. Guðrún Jónsdóttir forstöðum. kl.20.30 Borgarskipulagsins o.fl. fjallar um þéttingu byggðar,

All. fundirnir eru á Hótel Vík.

Reykjavíkurlflugvöll og endurskipulagningu miðbæjarins.

6. maí: Launa-og atvinnumál kvenna. Aðalheiður Bjarnfreðskl. 20.30 dóttir og e.t.v. fleiri ræða um þau mál.

29. apríl: Borgarstjórnarfundur í Skúlatúni 2 kl. 17. Við ættum að fara að láta sjá okkur á þeim samkundum.

11. maí: Blað okkar nr. 2 kemur út og bá þarf aftur að taka á honum stóra sínum og koma í sölu og dreifingu. Enn er hægt að koma með efni og allar hugmyndir um myndefni og léttmeti eru vel þegnar.

20. maí: Fjölskylduhátíð í Laugardalshöllinni frá kl. 1-7 (2-6) Þarna er um gífurlegt verkefni (og spennandi) að ræða. Hópin sem annast undirbúning vantar nauðsynlega liðsauga. Bara að hringja, svo kemur það.....

Kosningaundirbúningur er í fullum gangi eins og hér má sjá, en það er um fleiri vígstöðvar að ræða. Útvarp og sjónvarp leggja sitt af mörkum:

9. maí kl. 16-18 verður þáttur í sjónvarpinu, sennilega setið fyrir svörum og framboðsfundur.

13. maí kl. 19.30-22.00 verður „Bein lína“ í útvarpinu.

21. maí verða hringborðsumræður í sjónvarpssal í stað fréttaspegils. Fylgist með!!!

Allri alvöru fylgir nokkuð gaman og umfram allt má baráttan ekki vera leiðinleg. Till að léfta lundina hefur söngsveit hafið störf og æfir nú af krafti. Enn geta söngglaðir bæst í hópin. Til að ná betur til kjósenda sem þeytast gegnum miðbæinn verður útimarkaður starfræktur alla föstudaga fram til kosninga. Allir sem vilja losna við föt og aðra muni geta komið þeim í hótél Vík og einnig vantar fólk í sölu. Þá er síðast en ekki síst að nefna að KOSNINGASJÓÐUR hefur verið stofnaður, því allt kostar peninga. Listar liggja frammi á hótél Vík, þið getið skráð ykkur eða tekið lista og safnað hjá vinum og vanda mönnum séu þeir velviljaðir Kvennaframboðinu.

Eins og þið sjáið er margt á döfinni en það sem nú vantar eru SJÁLFBODALIÐAR OG AFTUR SJÁLFBODALIÐAR. Okkur er spáð tveimur fulltrúum í borgarstjórnina, eigum við ekki að hafa þá að minnsta kosti þrjá? Ef það á að takast verða allir að leggjast á eitt. Við höfum allt að vinna.

Síminn er 21500

Framkvæmdanefnd